

## SVAR

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Óskar Jörgen Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs & Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað vegna stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar**

Á fundi stafræns ráðs þann 9. október 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 7. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um stöðu stafrænnar umbreytingar hjá þjónustu og nýsköpunarsviði vegna utanumhalds um skráningar í leikskólum borgarinnar í ljósi alls þess fjármagns sem veitt hefur verið til sviðsins. Einnig vill fulltrúinn fá að vita hvort foreldrar þurfi enn að fylla út fjögur handskrifuð blöð og skila til leikskóla þegar barn er að flytja á milli leikskóla eða þegar aðrar breytingar á högum barna þurfa að eiga sér stað?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 10. október 2024.

#### **Svar:**

Innritunarferill fyrir leikskóla er á ábyrgð og í eigu skóla- og frístundasviðs. Undanfarin ár hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á ferlinu í samvinnu þjónustu- og nýsköpunarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Búið er að einfalda ferlið og endurbæta upplýsingagjöf til foreldra, m.a. í bréfum til þeirra, í Völu/innritunarkerfi leikskóla, með leikskólareikni sem gefur almennar upplýsingar um stöðu á biðlistum eftir leikskólum og á vef borgarinnar. Í vinnslu er að bæta sjálfstætt starfandi leikskólum inn í Völukerfið skv. samningum þar um og samræma þar með umsýslu leikskólaumsókna í Reykjavík. Í dag er staðan á þann veg að skráning barna í leikskóla Reykjavíkurborgar fer fram í gegnum vefsíðu borgarinnar, reykjavik.is og er unnin í veflausninni Völu. Þar er haldið utan um helstu þætti hvers barns líkt og nafn, kennitölu og vistunarstað. Þar geta forsjáraðilar m.a. sótt um flutning í annan leikskóla eða breytt vistunartíma barns síns. Að auki geta forsjáraðilar breytt skráningu barna í morgunmat, hádegismat og/eða síðdegishressingu, skráð breytingar t.d. á símanúmerum og netföngum, skráð hverjir hafa heimild til að sækja barnið í leikskóla og bæta við tengiliðum. Skráning á skráningardögum t.d. vetrarfríum og jólafríum fer nú fram í gegnum mínar síður. Enn þarf að undirrita dvalarsamning á pappír og einnig þarf að segja upp leikskólaplássi á pappír. Unnt er að senda þessi skjöl til undirritunnar í undirritun.reykjavik.is en næstu skref eru að þessar aðgerðir fari í rafræna undirritun.



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,  
sviðsstjóri

&

F.h. Skóla- og frístundasviðs

Helgi Grímsson,  
sviðsstjóri